

# KALDALÓN

## FUNDARBOÐ

Stjórn Kaldalóns hf., kt. 490617-1320, Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík („félagið“) boðar til aðalfundar í félaginu fimmtudaginn 3. apríl 2025, kl. 16:00. Fundurinn verður haldinn á Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52, 101 Reykjavík.

### Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi liðir:

- 1) Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi félagsins síðastliðið rekstrarár
- 2) Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir síðastliðið rekstrarár
- 3) Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu rekstrarári
- 4) Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins
- 5) Kjör endurskoðanda félagsins
- 6) Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefnda
- 7) Samþykkt starfskjarastefnu félagsins
- 8) Kosning þriggja fulltrúa í tilnefningarnefnd
- 9) Atkvæðagreiðsla um fyrirbyggjandi tillögu um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd
- 10) Lækkun hlutafjár með niðurfellingu eigin hluta og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins, þar sem gerð er tillaga um að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 337.501.390, eða 33.750.139 hluti
- 11) Önnur mál löglega fram boðin

EKKI verður boðið upp á rafræna þátttöku á fundinum en hluthöfum gefst kostur á að senda umboðsmann á fundinn sem greiðir atkvæði fyrir þeirra hönd. Umboðsmaður skal leggja fram dagsett og skriflegt umboð við upphaf fundar. Umboð er að finna á vefsíðu félagsins [kaldalon.is/adalfundur2025](http://kaldalon.is/adalfundur2025).

Fresti til að tilkynna um framboð til stjórnar á netfangið [kaldalon@kaldalon.is](mailto:kaldalon@kaldalon.is) lýkur fimm sólarhringum fyrir hluthafafund, nánar tiltekið kl. 16:00 laugardaginn 29. mars 2025. Notast skal við framboðseyðublað sem finna má á vefsíðu félagsins. Vísað er til fyrri auglýsinga tilnefningarnefndar eftir framboðum en óskað var eftir tillögum að stjórnarmönnum fyrir kl. 16:00 þann 31. janúar 2025. Starfsemi tilnefningarnefndar takmarkar ekki heimild frambjóðenda að skila inn framboðum. Tilnefningarnefnd mun ekki geta lagt mat á frambjóðendur sem tilkynna framboð eftir 31. janúar 2025.

Framboðum í tilnefningarnefnd félagsins skal skila á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á vefsvæði fundarins. Framboðum skal skila á netfangið [kaldalon@kaldalon.is](mailto:kaldalon@kaldalon.is). Framboðsfrestur rennur út 7 dögum fyrir hluthafafund, nánar tiltekið kl. 16:00 þann 27. mars 2025.

Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar á skrifstofu og vefsíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund. Meðfylgjandi fundarboði er birt skýrsla tilnefningarnefndar félagsins.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum. Til þess að tillögur frá hluthafa verði teknar til umræðu á fundinum verður að skila þeim til stjórnar félagsins með nægilegum fyrirvara svo unnt verði að taka málið á dagskrá, þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16:00 mánudaginn 24. mars 2025. Tillögum skal skila á netfagnnið [kaldalon@kaldalon.is](mailto:kaldalon@kaldalon.is).

Gögn vegna aðalfundar, þ.m.t. ársskýrsla félagsins, verða gerð aðgengileg eigi síðar en fimmtudaginn 13. mars nk. á vefsvæði fundarins [kaldalon.is/adalfundur2025](https://kaldalon.is/adalfundur2025).

Reykjavík, 8. mars 2025

F.h. stjórnar Kaldalóns hf.

Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason  
stjórnarformaður